

Nr. 19-145 S 086 Sólberg ÓF 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2917
IMO: 9774642
Smíðaður: Tyrkland, 2017, stál.
Útgerð: Rammi hf.
Stærð: 3719,5 bt.
Mesta lengd: 79,85 m *Skráð lengd:* 70,92 m
Breidd: 15,41 m *Dýpt:* 9,10 m
Vél: Wartsila, 4640 kW 2016
Fjöldi skipverja: 35



Sólberg © Brimbarinn

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. ágúst 2019 var frystitogarinn Sólberg ÓF 1 á togveiðum á Deildargrunni. Veður: Hægviðri.

Skipverji var að skera utan af signum fiski á þilfarinu en við hlið hans lágu nokkrar pokamottur, hann steig á eina þeirra, missteig sig og hrasaði. Við þetta, stakkst hnífurinn í gegnum fiskinn og inn í vinstri lófann. Í samráði við lækni var sárinu lokað með saumi.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn var að nota tenntan netahníf af gerðinni *Victorinox* með rauðu skafti (*sjá mynd*);
- að taugar sködduðust fram í baugfingur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.